

Spurning nr. 4 – Svör allra framboða og samantekt

Að mati hópsins þarf verulega að bæta aðbúnað og aðstöðu í skólum til þess að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar, sbr. það sem fjallað er um í spurningu 3. Má til að mynda nefna húsrúm fyrir sérúrræði innan skólanna. Hvernig sér þinn flokkur fyrir sér að hægt sé að bæta þá þætti innan skóla án aðgreiningar?

Punktur úr svörum framboðanna:

- A – Björt framtíð segir að skóli án aðgreiningar geri kröfu á almenna grunnskóla, að þeir séu í stakk búnir til þess að taka við öllum nemendum og veita þeim menntun og aðstöðu við hæfi, óháð fötlunum, skerðingum eða sérþörfum. Bæta þarf þá skóla sem ekki uppfylla þau skilyrði og aðstöðu sem nauðsynleg er.
 - B – Framsókn Allt skólaumhverfið verður að vera í stakk búið til að sinna þeirri skyldu sinni að mæta ólíkum þörfum nemenda.
 - C – Viðreisn er meðvituð um að fjárhagsvandi sveitarfélaga bitnar á getu þeirra til þess að mæta þörfum skólakerfisins og vill leitast við að leysa þann vanda. Flokkurinn vill auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum og koma á fót sérstökum innviðasjóði sem fari til uppbyggingar á kjarnastarfsemi um landið allt.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar á grundvelli niðurstöðana úttektar á námi án aðgreiningar sem liggi fyrir í lok þessa árs.
 - P – Píratar vilja að sveitarfélögin séu fjárhagslega sjálfstæð svo þau geti veitt þá grunnþjónustu sem þeim er skylt.
 - R – Alþýðufylkingin segir að öll opinber rými eigi að vera aðgengileg fyrir alla.
 - S – Samfylkingin vill vinna með fagfólki og foreldum að skóla án aðgreiningar og meta í samráði hvernig húsrúm og peningar eru best nýtt til að vinna að skóla án aðgreiningar.
 - T – Dögun vilja með sterku stuðningsneti fjölbreytra starfskrafta bjóða nemendum að vera sem meðst með sínum bekk og nýta þannig það rými sem til er. Þau segja að oft hafi sveitarfélög ekki burði til að byggja við skóla og því þurfi að nýta það rými sem til er á hagkvæman hátt.
 - V – Vinstri græn segja að skoða þurfi húsnæðismál skóla heildstætt á landsvísu til að tryggja jafnréttiskröfu. Þau vilja skoða sérstakar fjárveitngar úr ríkissjóði til að gera þetta.
-

Spurning nr. 4 – Svör allra framboða og samantekt

A – Svar frá Bjartri Framtíð:

Í þeirri greiningu sem við teljum nauðsynlega á stefnunni og framgangi hennar í skólum landsins verður einnig að líta til skólabygginganna og það hvort þær uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að hægt sé að framfylgja stefnunni svo fullnægjandi sé. Ef fylgja á þessari stefnu eftir verður aðstaða og aðbúnaður að vera til staðar. Stefnan gengur út á að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám í sínum heimaskóla, óháð líkamlegu og andlegu atgervi þeirra. Skóli án aðgreiningar gerir þannig þá kröfu á alla almenna grunnskóla, að þeir séu stakk búnir til þess að taka við öllum nemendum og veita þeim menntun og aðstöðu við hæfi, óháð hvers konar fötlunum, skerðingum eða sérþörfum. Það segir sig því sjálfst að bæta þarf þá skóla sem ekki uppfylla þau skilyrði og aðstöðu sem nauðsynleg er.

B – Svar frá Framsóknarflokknum:

(Svara sp. 2, 3 og 4 saman.) Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að öllum skólastigum sé tryggt fjármagn til reksturs. Ólíðandi er að skólar búi við rekstrarumhverfi þar sem t.d. ekki er hægt að kaupa aðföng vegna ónógra framlaga ríkis og sveitarfélaga.

Í ljósi þess hve dregið hefur úr nemendafjölda í kennaranámi er mjög brýnt að bregðast við, skoða vel inntak námsins, starfsvettvang og kjör.

Þjóða þarf upp á fjölbreyttar leiðir í kennaramenntun og laða að skólum hæfa og áhugasama kennara sem vilja starfa í hreyfanlegu og margbreytilegu skólaumhverfi, ekki síst á sviði iðn- og raungreina. Kennarar á öllum skólastigum þurfa að eiga kost á öflugu sí- og endurmenntunarnámi. Stjórnvöld verða að tryggja með fjármagni að kennurum og öðru starfsfólki skóla standi jafnan til boða símenntun og fræðsla sem tekur mið að af fjölbreyttum hópi nemenda í skóla án aðgreiningar. Allt skólaumhverfið verður að vera í stakk búið til að sinna þeirri skyldu sinni að mæta ólíkum þörfum nemenda. Kjör og starfsumhverfi endurspeglar mikilvægt samfélagshlutverk kennara.

Spurning nr. 4 – Svör allra framboða og samantekt

C – Svar frá Viðreisn:

(Svara sp. 2, 3 og 4 saman.) Viðreisn er meðvituð um að fjarhagsvandi sveitarfélaga bitnar á getu þeirra til þess að mæta þörfum skólakerfisins og vill leitast við að leysa þann vanda. Flokkurinn hefur m.a. á stefnuskrá sinni að auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum (t.d. í sjávarútvegi og af ferðaþjónustu) og vill koma á fót sérstökum innviðasjóði sem fari til uppbyggingar á kjarnastarfsemi um landið allt.

D – Svar frá Sjálfstæðisflokknum:

Vísar í svar við sp. 1. Sjálfstæðisflokkurinn átti frumkvæði að því að samstarfssamningur um framkvæmd úttektar á menntun án aðgreiningar var undirritaður við Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar.

Einnig var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf um úttektina af hálfu stjórnarráðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, landsamtaka foreldra og Skólameistarafélags Íslands.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar á grundvelli þessarar vinnu, sem hann hefur átt frumkvæði að. Búast má við að niðurstöður úttektar á námi án aðgreiningar liggi fyrir í lok þessa árs.

E - Svör frá Íslensku þjóðfylgkingunni:

Engin svör bárust.

F - Svör frá Flokki fólksins:

Engin svör bárust.

Spurning nr. 4 – Svör allra framboða og samantekt

H - Svör frá Húmanistaflokknum:

Engin svör bárust.

P – Svar frá Pírötum:

Sveitarfélögum ber skylda til að veita vissa grunnþjónustu, samkvæmt nálægðarreglunni og stjórnarskránni. Til að geta veitt þessa þjónustu verða sveitarfélögin að vera fjárhagslega sjálfstæð, líkt og kemur fram í spurningu þrjú.

Okkur þykir það augljóst að þessi atriði koma alltaf niður á sama stað, sem er að tryggja sveitarfélögum sjálfstæði sitt en til þess þarf að breyta forgangs röðun innan ríkisins.

R – Svar frá Alþjóðfylkingunni:

Öll opinber rými ættu að vera aðgengileg fyrir alla. Bæði skólar og aðrar menntastofnanir og aðrar stofnanir og almannarými.

S – Svar frá Samfylkingunni:

Samfylkingin vill vinna með fagfólki og foreldrum að skóla án aðgreiningar og meta í samráð við þá hvernig húsrúm og peningar eru best nýttir til þess að vinna að markmiðum skóla án aðgreiningar.

Spurning nr. 4 – Svör allra framboða og samantekt

T – Svar frá Dögun:

Með því að hafa sterkt stuðningsnet fjölbreyttra starfskrafta sem vinna saman er hægt að bjóða nemendum að vera sem mest með sínum bekk, nýta þannig það rými sem til er með fleiri nemendum en e.t.v. færri sérkennslutímum, fái stuðninginn inni í bekkjardeildinni. Í mörgum tilfellum er hægt að skipta upp rýmum með skilrúmum sem hægt er að gera sem persónulegust rými. Oft er um lítil sveitarfélög að ræða sem hafa einfaldlega ekki burði til að byggja meira við skóla og því þarf að nýta það rými sem fyrir er á sem hagkvæmasta hátt.

V – Svar frá Vinstri hreyfingunni grænu framboði:

Húsnæðismál skóla þurfa að koma til skoðunar heildstætt á landsvísu svo framfylgja megi jafnréttiskröfum. Það á jafnt við um ítrustu kröfur um aðgengismál sem og húsnæðismál að öðru leyti. Rétt er að skoða sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði í þessu skyni.
